

## GJALDSKRÁ

**fyrir búfjárefirlit í Rangárþingi eystra.**

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun, sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við að vera heildargjald. Gjald fyrir hverja skoðun er kr. 6.036 með virðisaukaskatti. Innifalin er vinna og akstur.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal vera kr. 6.036 með virðisaukaskatti fyrir hverja heimsókn. Innifalin er vinna og akstur.

3. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fôðrunar og hýsingar búfjár, sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hvert sinn.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum, sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Gjald samkvæmt 1. og 2. gr. þessarar gjaldskrár uppfærist til samræmis við breytingu á vísitölu neysliverðs án húsnæðis miðað við 1. nóvember ár hvert.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., og tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 30. janúar 2006.*

F. h. r.  
**Ólafur Friðriksson.**

Atli Már Ingólfsson.